

Reykjavík,
21. ágúst 2024

TILLAGA

Um uppsetningu á rafhleðslustöðvum við Háskóla Íslands

Stúdentaráð lýsir yfir vilja þess til að komið verði upp rafhleðslustöðvum fyrir rafbíla á háskólasvæðinu.

RÖKSTUÐNINGUR

Orkuskipti eru eitt af langtímamarkmiðum íslensku þjóðarinnar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Nútímasamgöngumáttar eru fjölbreyttir og margir, og mikilvægt er að ýta undir orkuskipti í þeim öllum. Þar er rafbílavæðingin ekki undanskilin sem mikilvægur liður baráttunnar. Til að stuðla að frekari rafvæðingu bílaflotans skiptir máli að innviðirnir séu til staðar til að veita þá þjónustu sem þörf er á. Því er hér lagt til að stúdentaráð beiti sér fyrir því að rafhleðslustöðvum verði komið upp á háskólasvæðinu.

Í ljósi þess að Háskóli Íslands mun hefja gjaldtöku á bílastæðum sínum er enn því frekar mikilvægt að boðið sé upp á frekari þjónustu á þeim í staðinn, líkt og með framboði á rafhleðslustöðvum.

Ragnheiður Geirsdóttir
Stúdentaráðsliði fyrir Vöku og sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs